

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Bildsfell III.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til Bildsfells III, L170818. Í breytingunni felst hliðrun á stærð lóða innan deiliskipulagsins þar sem lóðin Fremriklettshagi minnkar og lóðin Fremriklettur stækkar. Við birtingu auglýsingarinnar tekur gildi uppfærður skipulagsuppdráttur og greinargerð í stað eldri tillögu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2023.

Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggð í landi Vaðness.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Vaðnesi. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar aukahús á lóð eru felldir út úr skipulagi í takt við heimildir aðalskipulags sveitarfélagsins.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. febrúar 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. apríl 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 2. maí 2023